

119 $\frac{2}{3}$ hlutum með kr. 346,67, og ber yður að annast um að hin úrskurðaða upp-
23. marz hæð verði greitt Hafnarfjarðarkaupstað þegar í stað.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til frekari birtingar fyrir hrepps-
nefnd Villingaholtshrepps.

120
20. júní

REGLUGERÐ

um veitingaskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði á matvörum, drykkjarföng-
um og öðrum neyzluvörum, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum, matsölu-
stöðum, kökubúðum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir
þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Skattskyldar eru einnig hvers konar tæki-
færisveitingar, hvort sem þær fara fram einstaka hátíðisdaga almennings, eða
til félaga, er félagar einir eiga aðgang að, eða til stofnana fyrir starfsfólk þeirra.

2. gr.

Undanþegið skatti þessum er:

1. veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru, hvort
sem þær eru látnar af hendi endurgjaldlaust eða seldar,
2. fæði, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra verði en kr. 1,25,
3. mjólk og skyr, sem eigi er selt með meira álagi en 25% frá útsöluverði á
staðnum.

Undanþágur þessar eru bundnar því skilyrði, að veitingasalar sanni fyrir
innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls
samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykja ástæður mæla með, að und-
anþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir al-
menning.

3. gr.

Ef veitingasali selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með
hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af $\frac{1}{3}$ hluta slíkrar sölu, enda
geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala
þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess
fæðis, sem undanþegið er skatti að $\frac{1}{3}$ samkvæmt þessari grein, og séu þau á-
kvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt
framanskráðu, er skattskyld að fullu sú fjárhæð af verði fæðisins, sem er yfir
hámarksákvæðið.

4. gr.

120

20. júní

Allir veitingasalar, sem þegar eru skyldir til að greiða veitingaskatt, skulu tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá dagsetningu reglugerðar þessarar. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hvers konar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi, hvar reksturinn eigi heimilisfang og hvar hann hafi veitingastaði. Enn fremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem hér eftir byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina, áður en hún hefst, og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er, eða breyti um starfshætti, eigendur, stjórnendur eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

5. gr.

Allir veitingasalar eru skyldir til að gefa út reikning með öllum veitingum, sem þeir láta af hendi, þar sem tilgreind er tegund neyzlúvöru, söluverð hennar og veitingaskattur af söluverðinu. Reikningarnir skulu tviritaðir í þar til gerðar frumbækur og eiga að hafa áframhaldandi tölusetningu. Annað eintak reikningsins fær neytandi, en hitt verður eftir fast í frumbókinni. Nú ónýtt reikningseyðublað, og skal þá skrifa um það athugasemd á eftirritið. Reikningarnir skulu færðir í sölubók, er hlutaðeigandi innheimtumaður veitingaskatts löggildi og skal færð eftir þessari fyrirmynd:

Númer frum-	Skattskyld.	Skattfrjálst.	Skattur	Samtals.
reiknings.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.	Kr. a.

Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs.

Í lok hvers mánaðar og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum, ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynning, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og skulu þeirri tilkynningu fylgja frumreikningsheftin fyrir tímabilið og önnur gögn til ákvörðunar skattinum. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitingasala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta lagi vera send.

Í hver ársfjórðungslok ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölnunnar fyrir ársfjórðunginn.

6. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgi-

120 skjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitinga-
20. júní stöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og ennfremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasöluna.

7. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkvæmt 5. gr. ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar innheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattfjárhæð, er tapast hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

8. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkvæmt 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkvæmt 4. gr. Skal þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er rekin, án þess að verða tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 4. gr. reglugerðar þessarar skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

9. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 5. gr., ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir lögmaeltan gjalddaga. Innheimtumanni er og heimilt, er vanskil verða á greiðslu veitingaskatts, að banna veitingar og láta lögregluna loka veitingastað og framfylgja banninu að öllu leyti, unz full skil eru gerð fyrir veitingaskatti.

10. gr.

Öll brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, sem sérstök refsing er ekki lögð við í greinunum hér á undan, varða sektum frá 100 til 1000 kr., og allt að 5000 kr. sektum, ef um ítrekun er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir, eftir því sem við verður komið, og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 7. gr.

11. gr.

Hegningarákvæðum reglugerðar þessarar ber að beita gegn eigöndum eða stjórnöndum veitingastarfseminnar. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna að veitingastarfseminna, eru meðsekir í brotum gegn lögum

Þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem **120**
nemur $\frac{1}{5}$ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar. 20. júní

Greiðist sektir ekki, þær að innheimta þær með aðför að lögum.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um veitingaskatt 19. júní 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 20. júní 1933.

Ásgeir Ásgeirsson.

Páll Eggert Ólason.

REIKNINGAR LANDSBANKA ÍSLANDS árið 1932.

121

I. Seðlabankinn.

Efnahagur seðlabankans 31. desember 1932.

Eignir:

1. Gullmynt	kr.	1119673.89
2. Inneign hjá erlendum bönkum	—	639678.46
3. Vixlar innlendir og ávísanir	—	8263213.65
4. Vixlar og ávísanir til greiðslu erlendis	—	171256.12
5. Endurkeyptir vixlar	—	5684869.76
6. Lán í hlaupareikningi	—	4697361.87
7. Reikningslán	—	1079501.30
8. Bankabyggingarnar með húsbúnaði	—	900000.00
9. Ýmsir skuldunautar	—	160267.50
10. Erlend mynt (seðlar og málmpeningar)	—	764.91
11. Ógreiddir vextir	—	10724.00
12. Peningar í sjóði	—	159961.51

Kr. 22887272.97